

STJÖRNUSAMBAND

I

Það fer nú að verða hálft ár síðan Nýall kom út, sú bók, sem enginn getur ólesna látið sér að skaðlausu. Og þegar ég tek nú aftur til, eða réttara sagt, held áfram, — því að leitast hefi ég við eftir mætti, þessa mánuði, að velta steininum upp brekkuna — þá er engin von annars, en ég snúi mér að því, sem er aðaláhugaefnið, og erfiðast veitir að átta sig á hér í nágrenni Vítis. En það er sambandið við aðrar stjörnur. Á því veltur allt, að þeim skilningi verði framgengt. Lífið á jörðu hér er að visna. Vitkaðasta skepnan er vesölust. Og það eru engin ráð til að bjarga þessu við, önnur en samband við lífheim, aukið samband við æðri verur, svo að vér náum að hlaðast þaðan eða magnast, af nýju lífsafli. Grunað hefir menn þetta fyrir löngu, og þar sem er sá grunur og sú þörf, er ein mikil rót trúarbragðanna. En allt strandaði á því, að menn vissu aldrei það sem vita þarf til þess að það samband geti orðið, sem réttir við lífið á jörðu hér. Það er skilyrði, sem ekki verður án verið, að vita að þessar æðri verur sem vér þurfum að magnast af, eru í þessum heimi, íbúar annara stjarna. Einungis fyrir þá þekkingu, getur samstilling orðið sem dugar til þess að lífheimur verði hér, en ekki heimur kvala og heljar. Allt mannkyn mun hlýða á það erindi sem hér er verið að flytja, með meiri eftirtekt en nokkuð annað, þegar það fer að skiljast, að það er leiðin til lífsins, sem verið er að segja af. Eina leiðin.

II

Mjög vil ég biðja menn um að veita því eftirtekt, hversu merkilega er nú að greiðast fyrir skilningi á þessu máli.

Menn hafa nú fengið þess konar samband, sem til skamms tíma enginn lét sér til hugar koma að orðið gæti. Menn geta nú hlustað á, þegar talað er eða sungið í öðru landi, og það jafnvel þó að úthaf sé á milli. Og svo stórhuga eru menn nú orðnir af slíkum sigrum, að þeir vilja fá samband yfir um fjarlægðir himingeimsins. Einhversstaðar sá jeg nú fyrir skemmtu, mynd af mönnum, sem voru að reyna að fá samband við aðra stjörnu. Það var auðvitað í Ameríku. Menn eru þar á undan að ýmsu leyti. Menn þessir ætluðu sér að fá sambandið með rafmagnsútbúnaði. Og innan sólhverfis vors gæti slíkum tilraunum framengt orðið, ef ekki eru eyðistjörnur. En ef leita skal sambands út fyrir hverfið, þá er rafmagnsútbúnaður eins ónogur eins og tilraunir manns hér í Reykjavík til að kalla svo hátt að heyrðist norður á Akureyri eða austur á Seyðisfjörð. Rafgeislunn er snigilseinn í förum, þegar miðað er við fjarlægðir þær, sem eru sólhverfanna og vetrarbautanna á milli. En þó má sigra þær fjarlægðir, sem telja verður í biljónum, triljónum eða deciljónum af mílum. Nýtt magn verður þar að nota, sem er ákaflega miklu hraðgeislaðra en ljós og rafmagn. Lífeislunn er það sem þar kemur til sögunnar. Íslensk uppgötvun er það sem hér ræðir um, og því engin furða þó að hún þyki býsna tortryggileg fyrst. Því að smáþjóðir hafa lítið sjálfs-traust og lítið sjálfsálit. Og það er fátt sem smáþjóðunum stendur meir fyrir þrifum en einmitt það. Þeir sem foringjar gætu orðið, nauðsynlegir forgöngumenn í einhverju góðu, verða hjá slíkum þjóðum úti, sakir fylgisleysis, eða eru á einhvern hátt troðnir niður, miklu fremur en hjá stærri þjóðum gerist. Samstillingin er hjá hinum smærri þjóðum verri en hjá hinum stærri, og þyrfti þó einmitt að vera betri. Og ekki kemur mér til hugar að kenna því um, að sálirnar séu litlar og lágar, hversu ógreitt hefir orðið um samstilling í þessu máli. En þó hefir aldrei í allri Íslands sögu, líkt því eins mikið við legið að menn gætu samtaka orðið, eins og í því sambandsmáli sem hér ræðir um. Þá fyrst verður þjóð vor fræg og metin eins og maklegt er, þegar sést að forganga þessa hins mikla máls er íslensk.

Og best er að ég segi það enn, og af öllu afli. Ég veit eins áreiðanlega og ég er til að ég hefi talað við íbúa annara stjarna. Ég hefi gert þetta með aðstoð miðils, eins og nokkuð er af sagt í Nýal. En bagalega hefir vontun á miðlum tafið fyrir þeim rannsóknum.

III

Ekki allfáir hafa látið í ljós við mig, að þessu sem ég nefndi áðan hið mikla mál, muni aldrei framgengt verða. Og ég er ekki í neinum vafa um, að þeir hafa talað af fullri sannfæringu. Eins sannfærðir hafa þeir verið um þetta og menn voru fyrir ekki mörgum mannsöldrum um að fastastjörnurnar væru ekki sólir. Eins sannfærðir og moldvörpur eru enn í dag um að engar stjörnur séu til. Og þarf ekki moldvörpu að nefna. Hinn merki danski eðlisfræðingur og heimspekingur Ludvig Feilberg hitti einhverntíma fyrir sér ökumann, sem aldrei hafði veitt því eftirtekt, að það eru stjörnur á himninum. Og þetta var í þeirri miklu menntaborg Kaupmannahöfn, sem fá mátti þessa eftirtektarverðu bendingu um það, hversu fjarri stjörnurnar eru hugum manna.

En þó mun þessu íslenskasta máli eigi einungis framgengt verða, heldur er þessi heimssigur svo nálægur orðinn, að duga mun til að lengja líf manns sem nú um hríð hefir horft út í myrkrið í nokkuð líku skapi og gera mundi maður á skipsflaki í hafi úti. En þó þarf nokkru við að bæta, því að þeir sem björguðu, gætu ekki, án mannsins á flakinu, sjálfir bjargast.

Mbl. 17. sept. 1922.